

2015080050

Starfsendurhæfing Vestfjarða

Ársskýrsla

Starfsárið 2014

Lögð fram á ársfundi, 27. maí 2015

Efnisyfirlit;

Inngangur	3
Um SEV	3
Stjórn	4
Hlutverk SEV	5
Markmið SEV	5
Fjármögnun	6
Samstarfsaðilar	6
Þátttakendur	7
Tilvísanir	7
Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda	8
Staða þátttakenda eftir endurhæfingu	9
Endurhæfingin	10
Grunnur	10
Einkavegur - einstaklingsmiðuð endurhæfing	11
Millivegur	12
HAM	12
“Úr skuldum í jafnvægi”	12
Sumarstarf	13
Suðurfirðir og Strandir	13
Kynningarstarf og samvinna	13
Próunarstarf	14
Lokaorð	16

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) starfsárið 2014. Farið verður yfir hvaða þátttakendur voru í endurhæfingu, innihald endurhæfingarinnar og árangur. Einnig er rætt um samstarf við aðra, þróun starfseminnar og þau verkefni sem framundan eru á komandi ári.

Um SEV

Starfsendurhæfing Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Stofnaðilar SEV eru:

- Ísafjarðarbær
- Bolungavíkurkaupstaður
- Súðavíkurhreppur
- Vesturbyggð
- Tálknafjarðarhreppur
- Reykhólahreppur
- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík
- Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði
- Háskólasetur Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fjölmeningasetur
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Félag Járniðnaðarmanna
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Starfsemi SEV fer að mestu fram í Vestrahúsinu á Ísafirði. Skrifstofa SEV er á annarri hæð að Árnagötu 2 - 4 og hópastarf fer fram í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða að Suðurgötu 12.

Forstöðumaður SEV er Harpa Lind Kristjánsdóttir.

Stjórn

Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára, tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Stjórn SEV er skipuð eftirtöldum:

- Sigurveig Gunnarsdóttir, formaður, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar.
- Karítas Pálsdóttir, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Hrefna R Magnúsdóttir, fulltrúi Fjölmeningarseturs.

Varamenn í stjórn eru:

- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Finnbogi Sveinbjörnsson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Lárus Benediktsson, fulltrúi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Smári Haraldsson, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Árið 2014 voru haldnir 6 stjórnarfundir.

Á síðasta ársfundi gekk Áslaug Alfreðsdóttir úr stjórn, en hún hafði verið formaður stjórnar frá stofnun SEV. Sigurveig Gunnarsdóttir gaf kost á sér til áframshaldandi stjórnarsetu og var endurkjörin til setu í stjórn til tveggja ára. Sigurveig var síðan valin formaður stjórnar. Hrefna R. Magnúsdóttir var kosin til stjórnarsetu í tvö ár og Smári Haraldsson tók sæti sem varamaður í stjórn.

Hlutverk SEV

Hlutverk SEV er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem hafa þurft að hætta störfum vegna veikinda, slysa eða félagslegra erfiðleika og vilja vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn.

Þátttakendur eru einstaklingar með örorkumat / endurhæfingarlífeyri, framfærslu frá sveitafélagi, á atvinnuleysisbótum eða ungt fólk án atvinnusögu og menntunar.

Markmið SEV

Markmið SEV eru;

- Að þátttakendur komist í vinnu eða nám sem styrkja mun stöðu þess gagnvart vinnumarkaði.
- Að lífsgæði þátttakenda aukist.
- Að lífsgæði fjölskyldna þátttakenda aukist.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

SEV býður upp á heildstæða endurhæfingu þar sem tekið er á vanda hvers þátttakanda í samvinnu við félags- og heilbrigðismálayfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á Vestfjörðum. Þátttakendur eru sjálfir virkir í endurhæfingu sinni frá upphafi þar sem þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar.

Í endurhæfingunni er lögð áhersla á einstaklingsbundin úrræði sem miðast að því, að efla fólk til sjálfshjálpar eftir þörfum hvers og eins, meðal annars með menntun og fræðslu, fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðningi, líkamsþjálfun m.m. Þannig er unnið að því að styrkja stöðu þátttakenda gagnvart vinnumarkaðinum. Þátttakendum er einnig gefinn möguleiku á því að prófa getu sína til vinnu í vinnuprófun á almennum vinnumarkaði og í framhaldinu studdir til að komast aftur út á vinnumarkaðinn aftur á hraða sem þeir ráða við.

Fjármögnun

Frá því í lok október 2013 hefur SEV einungis verið með þjónustusamning við VIRK Starfsendurhæfingarsjóð, en þá var undirritaður samningur milli SEV og VIRK með gildistíma út desember 2014. Vegna óvissu sem ríkti um fjármögnun VIRK í lok ársins sá sjóðurinn sér ekki fært að gera nýjan samning við starfsendurhæfingarstöðvarnar, en þess í stað var gildandi samningur framlengdur um 6 mánuði. Samningar náðust síðan milli VIRK og ríkisins um framlag þess síðarnefnda til sjóðsins. Vinna við undirbúning nýs samnings milli VIRK og SEV er nú hafin og er vonast til að hann verði undirritaður í byrjun sumars.

Vonir standa til að með nýjum samningi verði áfram tryggt að á Vestfjörðum verði til staðar aðili sem býður upp á heildstætt starfsendurhæfingarúræði þrátt fyrir fámenni og smæð samfélagsins.

Leitað hefur verið eftir samvinnu við Vinnumálastofnun um kaup á þjónustu fyrir unga og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Ágætlega var tekið í þær umleitanir, en engir samningar hafa enn verið gerðir. Það er von mann að af slíkum samningi geti orðið þar sem hann mundi óneitanlega styrkja starf SEV, bæði með fjölgun þátttakenda og þjónustukaupa.

Samstarfsaðilar

Eins og undanfarin ár þá hafa helstu samstarfsaðilar SEV verið Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Vesturafl, Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, Fanney Pálsdóttir ráðgjafi VIRK og Salome Elín Ingólfssdóttir næringarfræðingur. Fanney er ráðgjafi VIRK fyrir verkalýðsfélögin á Vestfjörðum og fær fjölmarga einstaklinga til sín í ráðgjöf og vísar þeim sem á þurfa að halda, áfram í viðeigandi endurhæfingarúræði.

Allt hópastarf SEV fór fram í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, auk þess sem ávalt er hluti þátttakenda SEV sem nýtir sér námsleiðir og námskeið

fræðslumiðstöðvarinnar. Þátttakendur hafa einnig getað nýtt sér náms-og starfsráðgjöf sem Fræðslumiðstöðin býður upp á.

Sjúkraþjálfarar hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða sáu áfram um sjúkraþjálfun og hreyfingarhluta starfsendurhæfingarinnar, auk þess að sjá um fræðslu um mikilvægi hreyfingar og áhrif hennar á líkama og sál. Hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða starfa nú þrjú sjúkraþjálfarar, þeir Ólafur Halldórsson, Tómas Emil Guðmundsson og Atli Þór Jakobsson.

Vinnustofa þar sem þátttakendur unnu að ýmskomar handverki fór fram í Vesturafli og var í umsjá Hörpu Guðmundsdóttur, iðjuþjálfar og Sigríðar Magnúsdóttur.

Harpa Guðmundsdóttir og Auður Ólafsdóttir önnuðust hópefli og ýmsa aðra heilsutengda fræðslu í Grunni, undirbúningsnámskeiði SEV. Auður kenndi einnig skyndihjálp í Grunni.

Salome Elín Ingólfssdóttir veitti næringarráðgjöf og fræðslu fyrir þátttakendur auk þess að skipuleggja og sjá um heilsueflingarhóp, sem starfræktur var á vorönn.

Auk ofanefndra komu fjölmargir aðilar að starfsemi SEV við kennslu, þjálfun, ráðgjöf og fleira.

Í byrjun árs 2014 fékk SEV pólskumælandi sálfræðing Michalina Skiba, til að koma til Ísafjarðar og veita sálfræðiráðgjöf þeim pólsku einstaklingum sem stunduðu Þá endurhæfingu hjá SEV. Bæði Ísafjarðarbæ, Vinnumálastofnun og VIRK var einnig boðið að kaupa þjónustu Michalina fyrir einstaklinga á þeirra vegum og var það tilboð nýtt af einhverjum þeirra. Michalina veitir einnig ráðgjöf í gegnum skype og hefur SEV nýtt sér þá þjónustu. Þessi þjónusta er mjög mikilvæg og mikil bót fyrir þá pólskumælandi einstaklinga sem nýta sér þjónustu SEV og þurfa sálfræðiráðgjöf.

Þátttakendur

Tilvísanir


Á árinu 2014 bárust 43 tilvísanir frá VIRK vegna 27 einstaklinga. Þar af voru 14 einstaklingar að hefja endurhæfing hjá SEV í fyrsta skipti, 5 á vorönn og 9 á haustönn. Þetta er mun færri nýir þátttakendur en árið áður. Lengd tilvísananna var frá einum og upp í sex mánuði, en meðallengd tilvísana voru 3 mánuðir.

Nokkurum einstaklingum var vísað í styttri úrræði og stök námskeið, en þá er ekki um að ræða heildræna endurhæfingu og starfsmaður SEV sér þá ekki um utanumhald endurhæfingar þessara einstaklinga. Þetta eru sumarnámskeið, fjármálanámskeið, HAM hópur og líkamsræktarhópur. Á síðasta ári bárust 8 tilvísanir í þessi stöku úrræði fyrir 7 einstaklinga.

Heildarfjöldi þátttakenda SEV á síðasta ári var 34 einstaklingar, þar af 27 í lengri úrræðum en 7 í stökum úrræðum.

Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda


Af þeim 14 þátttakendum sem hófu endurhæfingu árið 2014 voru tíu konur eða 71% og fjórir karlar, eða 29% þátttakenda, sem er örlítið lægra hlutfall karla en síðustu tvö ár (mynd 1).



Mynd 1.

Af þeim einstaklingum sem hófu endurhæfingu 2014 var hlutfall þeirra sem lokið hafa formlegri menntun var ívið hærra en árið á undan. Einn þátttakandi hafði lokið háskólaprófi, 1 var með stýrimanns- og skipstjórnarréttindi og 4 höfðu lokið prófi frá framhaldsskóla, ýmist erlendum eða innlendum. Ennþá er þó

hæst hlutfall þeirra einstaklinga, sem ekki hafa aðra formlega menntun en grunnskólapróf eða 57%. (mynd 2).



Mynd 2.

Meðalaldur þátttakenda í starfsendurhæfingu var 42,8 ár og spannaði aldursdreifingin allt frá 24 og upp í 65 ár og var nánast eins og árið áður.


Staða þátttakenda eftir endurhæfingu

Í lok árs 2014 höfðu í allt 114 þátttakendur hafið endurhæfingu hjá SEV. Af þeim höfðu 72 einstaklingar lokið endurhæfingu, 12 hafa flutt, 10 hætt og einn látist áður en endurhæfingu lauk og 19 voru ennþá í virkri endurhæfingu.

Af þeim sem lokið hafa endurhæfinu, hafa 25 einstaklingar komist í vinnu að endurhæfingu lokinni og komist af opinberri framfærslu. Fimm hafa farið í nám, þar af 3 í háskólanám (sjá mynd 2).

Tuttugu og fimm einstaklingar voru með örorkumat áður en þeir hófu starfsendurhæfingu hjá SEV, en vildu freista þess að komast inn á vinnumarkaðinn aftur. Sjö þeirra tókst að auka starfsgetu sína þannig að þeir voru að endurhæfingu lokinni komnir í hlutastarf, allt frá 20 og upp í 80% starfshlutfall, sem skiptir miklu máli fyrir lífsgæði þeirra og heilsu.

Þrettán einstaklingar hafa þurft að sækja um örorku eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu hjá SEV, þar af stunda 5 hlutastörf í 30 - 50% starfshlutalli.



Mynd 3.

Endurhæfingin

Öllum þátttakendum SEV er vísað í endurhæfingu af VIRK og hafa þá farið í gegnum grunnmat VIRK og því liggur meira af upplýsingum fyrir, heldur en áður.

Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SEV er þó alltaf farið yfir stöðu þátttakenda og gerð einstaklingsmiðuð áætlun með hverjum einstaklingi fyrir sig, sem miðar að því að veita stuðning við hæfi.

Grunnur

Grunnurinn er fjögurra mánaða endurhæfing skipulögð af SEV á vor- og haustönn. Grunnur er hugsaður fyrir einstaklinga sem hafa þörf fyrir að byggja sig upp andlega og/eða líkamlega áður en kemur að þátttöku á vinnumarkaði.

Í Grunni er unnið með hópefli og sjálfsstyrkingu, auk þess sem hver og einn einstaklingur vinnur að sínum persónulegu markmiðum með stuðningi frá fagfólki.

Líkamsrækt og vinnustofa þar sem unnið er með handverk eru fastir liðir, auk

ýmiskonar fræðslu, kynninga og ráðgjafar. Fræðslan felst m.a. í heilsutengdri fræðslu, fjármálafræðslu, tölvufræðslu og skyndihjálp. Boðið er upp á náms- og starfsráðgjöf og möguleikar til náms, bæði staðbundnu og fjarnámi eru kynntir og þjónusta nýsköpunarmiðstöðvar og Rauða Krossins er kynnt.

Auk hópstarfsins stendur öllum til boða ráðgjöf hjá sálfræðingi, næringarfræðingi, fjármálaráðgjafa eða öðrum sérfræðingum sem einstaklingar geta haft þörf fyrir.

Einkavegur - einstaklingsmiðuð endurhæfing

Eftir Grunn hafa þátttakendur kost á því að halda áfram endurhæfingu þar sem áhersla er lögð á annað hvort náms- eða atvinnutengingu. Síðustu ár hefur þeim sem fara í atvinnuendurhæfingu fjölgað mikið, en þeim fækkað mikið sem fara í nám. Ástæða þessarar þróunar er sú að VIRK leggur mikla áherslu á tengja endurhæfinguna vinnumarkaðinu snemma í ferlinu, sem endurspeglast í fjölda tilvísana í atvinnuendurhæfingu.

Í náms- og atvinnutengdu endurhæfingunni hefur ekki verið mögulegt að skipuleggja sérstök endurhæfingarúrræði (náms- eða atvinnutengd), þar sem hópur þátttakenda fer af stað í sömu dagskrá líkt og gert er í Grunninum. Það er m.a. vegna þess að þeim sem koma beint í atvinnuendurhæfingu, án þess að fara í Grunn á undan hefur fjölgað mjög síðasta árið og tilvísanir í þetta úrræði dreifast meira en tilvísanir í Grunninn. Einnig felst mikil vinna í því að finna vinnustaði og koma á samvinnu við vinnuveitendur og því nokkuð hagræði af því að þátttakendur hefji endurhæfingu á misjöfnum tíma. Því hefur verið valin sú leið að gera einstaklingsbundnar áætlanir með hverjum þátttakanda. Í atvinnuendurhæfingunni fara einstaklingar ýmist í vinnuþrófun, þar sem þeir fá tækifæri til þess að prófa eigin starfsgetu og kynnst nýjum starfsvettvangi, eða að vinnuveitandi ræður þátttakanda SEV, með vinnusamningi TR og fær þá endurgreiddan hluta launa starfsmanns í ákveðinn tíma. Í námstengdu endurhæfingunna hafa þau námsúrræði sem í boði eru á svæðinu verið mikið nýtt, auk þess sem fjarnám hefur í sumum tilfellum hentað þátttakendum. Samvinna við vinnuveitendur á svæðnu jókst mikið á síðasta ári og þátttakendum sem fóru í vinnuþrófun eða atvinnu á vinnusamningi fjölgaði.

Algenzt er að einstaklingar í atvinnuendurhæfingu taki líka stutt námskeið til þess að bæta þekkingu sína og möguleika á vinnumarkaði t.d. tölvu- eða enskunámskeið. Auk náms eða vinnu, stunda þátttakendurnir áfram líkamsrækt, jóga, sund eða aðra hreyfingu auk hópeflis einu sinni í viku þar sem hóparnir og starfsmaður SEV hittast. Sálfræðiviðtöl, næringarráðgjöf og önnur einstaklingsbundin úrræði sem þátttakendur hafa þörf fyrir, standa einnig áfram til boða auk þess sem stuðningur og aðhald við framkvæmd áætlana og margt fleira getur verið hluti af áætluninni.

Millivegur

Millivegur er stuðningsúrræði sem ætlað er þeim einstaklingum sem hafa þörf fyrir þjónustu tveggja eða fleiri meðferðaraðila og/eða býða eftir að eitthvert af lengri úrræðum SEV hefjist.

HAM

Á síðasta ári fór SEV að bjóða upp á eftirfylgni fyrir þá einstaklinga sem höfðu lokið við námskeið í hugrænni atferlismeðferð (HAM) hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Þar er boðið upp á 6 vikna námskeið þar sem kennd er hugmyndafræði HAM og hvernig fólk getur nýtt sér hana í daglegu lífi. Reynslan sýnir að margir ná ekki að tileinka sér hugmyndafræðina og gera hana að hluta af daglegu lífi á þeim 6 vikum sem námskeiðið varir. SEV bauð því bæði á vor- og haustönn 2014 upp á HAM eftirfylgni, þar sem þátttakendur fengu meiri stuðning við að tileinka sér HAM hugmyndafræðina. HAM eftirfylgnin var 1 klst. á viku í 8 vikur.

“Úr skuldum í jafnvægi”

Einu sinni á ári býðst þátttakendum SEV að fara á fjármálanámskeiðið “Úr skuldum í jafnvægi”. Það er Fjármálaþjónustan ehf. sem kemur og heldur námskeiðið hjá SEV. Hugmyndafræðin að baki námskeiðinu skiptir fjármálalegri þroskagöngu einstaklings upp í sjö þrep. Á hverju þrepi tileinkar einstaklingurinn sér eitthvað sem er nauðsynlegt til að öðlast velgengni í fjármálum.

Eftir námskeiðið býðst þeim þátttakendum sem glíma við mikinn fjármálavanda að fá einkatíma hjá kennara námskeiðsins, en hann hefur áralanga reynslu af ráðgjöf við fólk í fjármálavanda.

Sumarstarf

Sumarstarf síðasta árs var 3 x í viku í 6 vikur. Eins og fyrri ár sá Salóme Elín Ingólfssdóttir um heilsueflingu í Tunguskógi 2 x í viku. Þar hittust þátttakendur tvisvar í viku og farið var í göngutúra og síðan gerðar styrktar- og teygjuæfingar úti í náttúrunni. Eftir hreyfinguna gafst færi á að spjalla og Salome gaf þátttakendum góð ráð varðandi hreyfingu, næringu og heilbriggt lífverni. Einn dag í viku var síðan boðið upp á “öðruvísi hreyfingu”. Hér gafst þátttakendum færi á því að prófa ýmiskonar hreyfingu sem fáir höfðu prófað áður. Það var t.d. fimm rythma dans, taiji og jóga.

Suðurfirðir og Strandir

Í lok árs 2013 var gerður samningur milli SEV og Vesturbyggðar um að starfsmaður Vesturbyggðar, Arnheiður Jónsdóttir, sinni endurhæfinga þeirra þátttakenda sem vísað er til SEV á suðursvæði Vestfjarða. Fyrir liggur að endurnýja samninginn, en þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og vilji er fyrir því frá báðum aðilum að halda samstarfinu áfram.

Árið 2014 voru þrír þátttakendur í Vesturbyggð í úrræðum sem voru allt frá tveimur mánuðum upp í tíu mánuði. Ekkert hópastarf var í Vesturbyggð á síðasta ári svo aðeins er um að ræða einstaklingsmiðaða endurhæfingu. Eru þá úrræði á staðnum nýtt, s.s. þjónusta sjúkraþjálfara, líkamsræktarsalur og sundlaug og Eyrarsel.

Sálfræðingur kemur nú einu sinni í mánuði í Vesturbyggð og Arnheiður sér um stuðningsviðtöl og utanumhald endurhæfingar.

Enn hefur engin formleg starfsemi farið af stað á Ströndum eða Reykhólum þar sem engin tilvísun hefur enn borist um þjónustu þar.

Kynningarstarf og samvinna

SEV sá um skipulagningu samstarfsfundir starfsendurhæfingarstöðvanna síðastliðið vor. Komu 6 forsvarsmenn starfsendurhæfingarstöðva annarsstaðar af landinu og voru hér

Horft er til þess að hið nýja húsnæði geti rúmað bæði SEV og Vesturafl og þessar tvær stofnanir sameinast um rekstur vinnustofunnar Vinnuvers. Starfsemi stofnanna yrði þó áfram aðskilin og þær sinni áfram hvor sínu hlutverki, en samvinnan snúist að miklu leyti um Vinnuverið sem nýtast mun notendum beggja stofnana. Vinnuver mun auka möguleika SEV til vinnuþjálfunar og prófana fyrir þá einstaklinga sem ekki eru tilbúinir til þess að fara beint út á vinnustaði, en þurfa tíma og þjálfun í meira vernduðu umhverfi, áður en það skref er tekið. Náttúruendurhæfing verði einnig eitt af þeim úrræðum sem boðið verður upp á og SEV verði þannig með þeim fyrstu á landinu til að bjóða upp á slíkt úrræði. Starfsmaður yrði ráðinn í Vinnuver, en með bættri aðstöðu verður einnig möguleiki á að bæta við starfsmanni í hlutastarfi hjá SEV, sem þörf hefur verið á að gera í nokkurn tíma.

Virkt samstarf við fagfólk og stofnanir á svæðinu vegna endurhæfingar þátttakenda verður áfram mikilvægur þáttur í starfsemi SEV. Námstilboð Fræðslumiðstöðvar, þjónusta sjúkraþjálfara, sálfræðinga, næringarfræðings og annars fagfólks verður áfram mikilvægur hluti þeirrar þjónustu sem í boði verður hjá SEV. Vinnuver og aukin möguleiki á viðveru og virkni þátttakenda mun þó verða mikilvæg viðbót við þá þjónustu.

Lokaorð

Árið 2014 var sjötta starfsár SEV og gekk starfsemin vel það árið sem endra nær. Þörfin fyrir betra húsnæði og aðstöðu, sem verið hefur til staðar um nokkurt skeið, varð enn áþreifanlegri en áður og nauðsynlegt er að bæta aðstöðu SEV.

Í eins litlum samfélögum eins og á Vestfjörðum, sem er starfssvæði SEV, er mikilvægt að aðilar vinni saman og nýti styrkleika hvors annars til hagsbóta fyrir þá einstaklinga sem þeir eiga að þjónusta. SEV mun áfram leggja sig fram um að eiga góða samvinnu við fyrirtæki, stofnanir, vinnuveitendur og einstaklinga og nýta krafta þeirra sem best við skipulagningu starfsendurhæfingar á svæðinu.

Samvinna við VIRK hefur verið mjög góð og gagnkvæmur skilningur og traust ríkir milli aðila. Með nýjum þjónustusamningi sem gerður verður við VIRK í byrjun sumars, standa vonir til að öryggi skapist um starfsemina til lengri tíma en áður.

Sala á þjónustu til annarra aðila mun þó styrkja SEV og verður því haldið áfram að byggja upp samvinnu við Vinnumálastofnun og sveitafélög á svæðinu um þjónustu fyrir þeirra skjólstæðinga.

Árangur af þjónustu SEV hefur frá upphafi verið góður og er það verkefni næstu ára að viðhalda og bæta enn frekar þann góða árangur. Ekki bara hvað varðar þátttöku í atvinnu og námi, heldur einnig persónulega uppbyggingu einstaklinganna, sem skilar sér í betri líðan og auknum lífsgæðum þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra.

Harpa Lind Kristjánsdóttir

Forstöðumaður SEV